

339. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 1. desember 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og umhverfis.

Fyrir tekið:

1. 2511181 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - Brekkuflöt 1 smáhýsi á lóðarmörkum bæjarlands

Eigendur að Brekkuflöt 1 óska eftir samþykki fyrir að staðsetja smáhýsi á lóðarmörk Akraneskaupstaðar skv. lið f í gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð 112/2012. Samþykki frá lóðarhafa á Brekkuflöt 3 liggur fyrir.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið.

2. 2511185 - Framkvæmdarleyfi sjóvarnir við Grenjar, Slippurinn

Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna gerð sjóvarnargarðs við Grenjar Bakkatún 30. Í framkvæmdinni felst að gerður verður nýr sjóvarnargarður 120m langur, áætlað grjótmagn er 130 rúmmetrar skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarsstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, fyrir gerð sjóvarnar við Grenjar.

3. 2511180 - Suðurgata 108,110 og 112 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Tillaga um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits. Breytingin nær til lóða við Suðurgötu 108, 110 og 112. Hámarkshæð bygginga á umræddum lóðum hækkar úr 6,5 m í 7,2 m. Byggingarmagn á Suðurgötu 110 hækkar úr 230 m² í 245 m² og nýtingarhlutfall hækkar um 0,03, úr 0,49 í 0,52. Bílastæðum verður fjölgað og verða tvö stæði á hverri lóð.

Á Suðurgötu 112 færast byggingarreitur til innan lóðar. Heimilt verður að láta útistiga ganga allt að 1,3 m út fyrir byggingarreit innan lóðar. Á lóðarmörkum Suðurgötu 112 að leiksvæði C3, samkvæmt uppdrætti.

Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að skipulagsbreyting verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Suðurgötu 106,107,109,111,113 og 114.

4. 2511187 - Grassláttur útboð 2025

Lögð fram drög að verklýsingu fyrir útboð á grasslætti.

Skipulags- og umhverfissráð felur garðyrkjustjóra og umhverfisstjóra að ljúka við gerð útbodsgagna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:33.